

— *Brief* ráðgjafans fyrir Ísland til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* um laun setts hjeraðslæknis. — Með þóknanlegu brjefi frá 10. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bónarbrjef, þar sem hjeraðslæknirinn í 6. læknishjeraði Íslands, Þorvaldur Jónsson, beiðist þess, að sjer megi veitast frá 1. janúar f. á. helmingurinn eða annar hluti af launum þeim, sem ætluð eru lækninum í 5. læknishjeraði, þar eð honum hefir verið lagt á herðar að gegna læknisstörfum í nefndu hjeraði. Fyrir því vil jeg ekki láta hjálða að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að það verður að sitja við úrskurð þann, er þjer hafið lagt á málið, og þar sem það samkvæmt niðurlagi 3. greinar laganna frá 15. október 1875 hefir verið neitað beiðandanum um sjerstakt endurgjald fyrir að gegna hjeraðslæknisstörfum í 5. læknishjeraði.

69  
11. marz.

— *Brjef* landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* um sjúkrahúslegu sveitarómaga. — Með brjefi frá 1. þ. mán. sögðuð þjer, herra amtmaður mjer álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi á amtsúrskurði frá 11. okt. f. á., er skyldar nefndan hrepp til að endurgjalda Seltjarnarneshreppi 57 kr. 18 aur., er hafa verið goldnir upp í kostnað við legu Guðmundar Gamalielssonar, á sjúkrahúsinu í Reykjavík, og hafði Guðmundur legið þar að ráðstöfun hlutaðeigandi hjeraðslæknis frá 17. marz til 26. apríl 1877.

70  
3. apríl.

Það er ljóst af skjölum þessa máls, að nefndur Guðmundur Gamalielsson, sem nú er dáinn, hafi verið sveitlægur í Mosfellshreppi 17. marz 1877, þegar hann eins og að ofan getur um, var fluttur á sjúkrahúsið í Reykjavík, einnig sjest það af hinum áfrýjanda úrskurði, að hreppsnefndin í Seltjarnarneshreppi, er 3. maí 1877 skýrði hreppsnefndinni í Mosfellshreppi frá því, að Guðmundur hefði verið fluttur á sjúkrahúsið gegn ábyrgð hreppsnefndaroddivitans í Seltjarnarneshreppi, síðar hefir greitt nefnda fjárupphæð sem sveitarstyrk veittan hlutaðeiganda, og verð jeg að fallast á álit yðar um að styrkur þessi hafi verið nauðsynlegur, og að Mosfellshreppur því ekki geti komizt hjá að endurgjalda hann Seltjarnarneshreppi. Aptur á móti heyrir sú spurning, hvort jarðeigendur þeir, er hafa án leyfis frá hlutaðeigandi sveitarstjórn leigt Guðmundi hús í Seltjarnarneshreppi, eigi samkvæmt 13. gr. tilskipunar 26. maí 1863 að endurgjalda framfærsluhreppnum hinn umrædda sveitarstyrk, undir úrslit dómstólanna, en Seltjarnarneshreppur getur ekki verið skyldur til að fylgja fram því máli, þar eð hreppur þessi, eins og að ofan getur um, hefir goldið nefnda upphæð sem bráðabirgðastyrk fyrir hönd Mosfellshrepps, og gegn endurgjaldi af hans hálfu.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, skal hinn nefndi amtsúrskurður frá 11. oktbr. f. á. hjer með staðfestur, og er þetta tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

— *Brief* ráðgjafans fyrir Ísland til *landshöfðingja* um atkvæðisrjett bæjarfógeta í Reykjavík. — Í tilefni af erindi því, er hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 12. jan. þ. á., og þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar óskar úrskurðar ráðgjafans um þá spurningu, hvort bæjarfógetanum beri samkvæmt tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, atkvæðisrjettur á

71  
6. apríl.

LEIÐRJETTING. Efst á bls. 90—96 hjer að framan er skakkt prentað númer hreppstjóra-reglugjörðarinnar „86“ í stað 68.

Hinn 18. júní 1880.

**71** fundum bæjarstjórnarinnar, læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar að standa, verður við úrskurð þann, sem þjer hafið fellt um þetta mál 15. febrúar f. á.<sup>1</sup> og er þar svo að orði kveðið, að bæjarfógetinn hafi rjett til að taka þátt í atkvæðagreiðslu bæjarstjórnarinnar.

**72** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um tíundarskyldu presta.* — Í 12. apríl. brjefi frá 8. p. m. hafa stiptsyfirvöldin skotið til úrskurðar míns eptirnefndum spurningum prófastsins í Árneprófastsdæmi.

1. hvort lög 12. júlí 1878 skyldi presta til að greiða lausafjárftiund til kirkna og prestaekkjur til að greiða sama gjald til prests og kirkna.

2. hvort rjett sje á prestssetrum að draga frá áhöfn jarðanna sem kúgildi 1 lausafjárhundrað fyrir hver 5 jarðarhundrað, án tiltits til þess, hvort prestakallið á svo mörg kúgildi á jörðunni.

3. hvort leyfi það standi en óhaggað, sem gefið var í 4. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, til að draga undan tíund hross þau og geldfje, er fylgir sumum prestaköllum.

Fyrir því er yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda:

Við 1. Eins og það hefir verið tilgangurinn með lausafjárftiundar-lögin frá 12. júlí 1878, að gefa ítarlegar fyrirskipanir um hverjir eigi að greiða þetta gjald, þannig sýna orðin í 1. gr. laganna, þegar þau eru borin saman við 12. gr., að allar þær undanþágur frá lausafjárftiund, sem hin eldri löggjöf einkum 4.—6. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782 heimila, eru úr gildi gengnar. Jeg fæ því eigi betur sjeð, en að hin sama skylda hvíli nú á prestum og prestaekkjum sem á öðrum til að greiða lausafjárftiund. Að öðru leyti er það vitaskuld, að hlutadeigendur geta óskt úrskurðar dómstólanna um þetta mál.

Við 2. Jeg er á sama máli og stiptsyfirvöldin um það, að 8. gr. laga frá 12. júlí 1878 veiti ekki heimild til að draga frá framtalinu til tíundar fleiri föst innstæðukúgildi, en prestssetrinu fylgja í raun rjettri, þó þessi kúgildi sjeu færri en 1 fyrir hver 5 jarðarhundrað.

Við 3. Eins og að ofan er tekið fram, má álíta, að 4. gr. reglugjörðarinnar 17. júlí 1782 sje afmáð með lögum frá 12. júlí 1878.

**73** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli.* — 13. apríl. Eptir að hafa með tekið þóknanlegt álit stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 8. p. m. viðvíkjandi beiðni frá prestinum að Felli í Skagafjarðarprófastsdæmi um lán úr landssjóði til þess að þurrka upp stöðuvatn í landi prestssetursins, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að jeg fellst á, að tjeð prestakall taki 300 kr. lán til hins nefnda fyrirtækis, og að lán þetta muni geta fengizt úr landssjóði með þeim kjörum, að fyrstu 5 árin sjeu að eins greiddir 4% ársvextir af því, en síðan sjeu auk vaxtanna greiddar á hverju ári 25 kr. upp í höfuðstólinn, þannig að lánið verði að fullu endurborgað á 12 árum.

**74** — *Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups um uppbót á prestaköllum.* — 13. apríl.

1) Sjá stjórnartíðindi 1879 B: 28, bls. 27—28.